



Alþingi  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. apríl 2016

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 (réttur til sambúðar á stofnunum), 352. mál**

Vísað er til tölvupósts frá velferðarráðuneytinu dags. 7. mars sl. þar sem Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnt „SFV“) er gefinn kostur á umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Frumvarpið kveður á um að við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem er svohljóðandi:

*Heimilismaður sem dvelur til langframa á stofnun fyrir aldraða skal eiga kost á að vera samvistum við maka eða sambúðarmaka sinn þar.*

Gert er ráð fyrir að lagabreytingin taki gildi 1. janúar 2018.

SFV fagnar allri viðleitni Alþingis, sem og stjórnvalda almennt, til að stuðla að auknum sjálfsákvörðunarrétti aldraðra, bæta lífsgæði þeirra og draga úr þörf fyrir umönnun starfsmanna. Ljóst er að margt er hægt að bæta í þeim efnum. Hins vegar hafa vaknað ákveðnar spurningar og áhyggjur innan SFV varðandi þær tillögur sem er að finna í fyrirbyggjandi frumvarpi. Sumar þeirra grundvallast á þeirri alvarlegu fjárhagsstöðu sem er uppi á hjúkrunarheimilum landsins í dag, sem og sívaxandi þörf fyrir hjúkrunarrými. Einnig eru faglegar áhyggjur af því fyrirkomulagi yfir höfuð sem verið er að mæla með.


Helstu athugasemdir og spurningar SFV eru eftirfarandi :

1. *Skortur á hjúkrunarrýmum.*

Mikill skortur er á hjúkrunarrýmum inn á hjúkrunarheimilum í dag og biðlistar eftir hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum eru langir. Mikill fráflæðisvandi er einnig hjá Landspítalanum, sem og öðrum heilbrigðisstofnunum, vegna þessa. Erfitt er að sjá að undir þessum kringumstæðum sé það skynsamleg aðgerð að ráðstafa hjúkrunarrýmum til heilbrigðra einstaklinga.

2. *Aukið álag og rekstrarkostnaður fyrir hjúkrunarheimilin.*

Talsvert álag er og hefur verið á hjúkrunarheimilum undanfarin ár vegna mikils niðurskurðar. Fjölgun „heimilismanna“ hefur í för með sér aukið álag þrátt fyrir að umræddur heimilismaður sé tiltölulega heilsuhraustur. Hvernig á að koma til móts við það aukna álag sem mun fylgja þessari lagabreytingu fyrir hjúkrunarheimilin ? Í frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin á ferlinu eigi að vera. Með hvaða hætti yrði t.d. brugðist við því að veikari makinn félli frá, en hinn



heilbrigðari (sem væntanlega uppfyllir ekki skilyrði fyrir færni og heilsumati) byggir enn á heimilinu. Erfitt kynni þá að reynast fyrir eftirlifandi maka að takast á við breyttar aðstæður, verandi heilbrigður á hjúkrunarheimili en ekki lengur með ástvini sínum. Á t.d. makinn, sem er e.t.v. búinn að selja fasteign sína, að dvelja einn á hjúkrunarheimili um árabíl?

Ekki er heldur í frumvarpinu gerð grein fyrir því hvað skuli gert ef makinn veikist líka. Í dag eru margir heimilismanna í dvalarrýmum með gilt færni – og heilsumat til vistunar í hjúkrunarrými. Þeir heimilismenn fá í raun sömu þjónustu og íbúar í hjúkrunarrými. Þrátt fyrir það hafna yfirvöld því að greiða hjúkrunargjald fyrir þá heimilismenn, heldur greiða bara dvalarrýmisgjald sem er mun lægra. Hvaða reglur munu gilda um maka heimilismanns? Hvernig ferli á að tryggja að hann fái þá þjónustu sem hann þarf á að halda á hverjum tíma? Og hvernig ferli á að tryggja að hjúkrunarheimilin fái greitt fyrir þá þjónustu sem þau veita?

Þrátt fyrir að makinn væri alveg heilsuhraustur þá mun alltaf fylgja honum rekstrarkostnaður. Bara það að ráðstafa rými undir einstakling sem ekki er að nýta sér þá þjónustu sem veitt er, leiðir til þess að reksturinn verður óhagkvæmari. Hver á að standa skil á þeim aukna rekstrarkostnaði sem þessu mun óhjákvæmilega fylgja?

Þá er heldur ekki gerð grein fyrir því hvernig fyrirkomulag eigi að vera varðandi greiðslur fyrir maka heimilismanns. Hver á að greiða kostnað makans? Hversu mikið á að greiða? Fyrir hvaða þjónustu á að greiða? O.frv.

Rétt er að áréttu að hjón geta í dag búið saman á hjúkrunarheimilum, ef þau eru bæði með gilt færni – og heilsumat. Mörg hjúkrunarheimili eru með herbergi sem hægt er að opna á milli, eða tvíbýli sem hjón geta verið í. Er allt reynt til að koma til móts við óskir heimilsmanna að þessu leyti.

### 3. Greiðsla stofnkostnaðar.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að lagabreytingunni muni fylgja þörf fyrir breytingar á húsnæði. Kemur þar fram: *Gert er ráð fyrir að rekstraráðilar heimilanna geti sótt fjárfyrir í framkvæmdasjóð aldraðra til þeirra breytinga sem þarf að gera, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um málefni aldraðra.*

Að því tilefni er bent á að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagnar endurbætur og viðbyggingar við hjúkrunarheimili einungis að hluta. Miklir rekstrarörðugleikar hafa verið viðvarandi hjá hjúkrunarheimilunum undanfarið sem leitt hefur til þess að hjúkrunarheimili hafa ekki fjármagn til að viðhalda húsnæði með eðlilegum hætti. Húsnæðið liggur því víðast hvar undir skemmdum og hefur ekki verið endurnýjað með reglubundnum hætti. Enn eru tvíbýli og þríbýli í notkun, þar sem ekki eru til staðar fjármunir til nauðsynlegra breytinga á húsnæði. Hjúkrunarheimilin hafa því ekki bolmagn til að fara í þessar framkvæmdir. Þá skal einnig bent á að fjármunir í Framkvæmdasjóð aldraðra eru af skornum skammti og mikil umræða verið um það undanfarið hvernig eigi að standa undir þeirri þörf sem er fyrir viðhald núverandi húsnæðis og nýbyggingar. Er ekki rétt að tryggja fyrst fjármögnun á þeim verkefnum?

### 4. Fagleg sjónarmið.

Tekið er undir þær faglegu áhyggjur sem fram koma í greinargerð sjálfs frumvarpsins. Þ.e. að fyrirkomulagið geti leitt til þess að heilbrigðir einstaklingar teldu sér skylt að fylgja mökum á sjúkrastofnanir þótt þeir hefðu ekki löngun til þess og að það yki álag



á stofnanir að makar dveldu þar áfram eftir fráfall þess sem þurfti að dveljast þar af heilsufarsástæðum.

Þessu til viðbótar eru áréttuð þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu tilraunverkefnis sem nýlega var framkvæmt á Hrafnistu í Kópavogi. Þar var það samdóma álit þeirra stjórnenda og starfsmanna sem komu að verkefninu að þetta fyrirkomulag væri e.t.v. ekki heppilegt. Byggði sú afstaða einkum á áhyggjum af áhrifum dvalarinnar á þann maka sem fylgir heimilismanninum inn á heimilið. Þá eru áhyggjur af því að makinn fái sjálfur ekki næga hvíld og að aðstæður allar dragi úr hreyfingu og færni makans. Eru áhyggjur af því að makinn sjálfur einangrist. Þeir sem komu að verkefninu töldu mun vænlegri sú þróun sem hefur verið undanfarin ár þar sem hjón búa sitthvoru megin við götu (eða tengibyggingu), annað í þjónustu – eða öryggisbúð og hitt á hjúkrunarheimili. Þar eru aðilar nánast undir sama þaki og geta eytt eins miklum tíma saman og þau kjósa. Í þeim tilfellum getur makinn verið hjá heimilismanninum í matmálstímum og yfir daginn, í samræmi við vilja og löngun, en fær jafnframt sitt svigrúm og heldur sinni færni og sínu sjálfstæði.

Eins og fram kemur í ofangreindum athugasemdum eru mörg atriði sem þarf að skýra og skoða betur, áður en hægt yrði að fara í þessa lagabreytingu. Telur SFV nauðsynlegt að taka tillit til ofangreindra atriða áður en hægt er að samþykkja frumvarpið.

Óskar SFV jafnframt eftir því að við meðferð málsins fái fulltrúi samtakanna að koma fyrir fastanefnd þingsins og ræða nánar ofangreind atriði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

*Eybjörg Hauksdóttir*  
Eybjörg H. Hauksdóttir lögfr.